



Upplestur texta í Microsoft Edge

Til að kveikja á upplestri þegar Microsoft Edge vafri er notaður er hægt að ýta á táknið hægra megin í vefslóðarreit (sjá mynd).




Eða nota flýtleið sem er Ctrl + Shift + U, bæði til að kveikja og slökkva á upplestri.

Eða ýta á punktana þrjá sem birtast efst lengst til hægri og velja *ReadAloud* þar.



Þegar kveikt er *ReadAloud* þá opnast stjórnstika fyrir neðan vefslóðarreit. Lengst til hægri á henni eru *Voice Options*.



Þar er hægt að stjórna hraða lesturs og velja tungumál. Tvær íslenskar raddir eru í boði; Gunnar og Guðrún.

